

201

24. okt.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 168 12. sept. 1939, um sölu og útflutning á vörum.

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Til þess að standast kostnað við störf útflutningsnefndar og annan kostnað af framkvæmd þessarar reglugerðar, skulu allir þeir, sem flytja vörur út úr landinu, aðrar en sjávarafurðir, greiða 1% — einn af þúsundi — af útflutningsverðmætinu, þó eigi minna en 2 kr., og greiðist gjald þetta til lögreglustjóra á útflutningsstað, í Reykjavík til tollstjóra.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 11 12. febrúar 1940, um sölu og útflutning á vörum, og er jafnframt úr gildi felld reglugerð nr. 107 11. júní 1947, um breyting á reglugerð frá 12. sept. 1939, um sölu og útflutning á vörum.

Jafnframt fellur niður innheimta á viðskiptanefndargjaldi, $\frac{1}{2}\%$ af verðmæti útfluttrar vöru.

Atvinnumálaráðuneytið, 24. október 1947.

Jóhann P. Jósefsson.

Gunnl. E. Briem.

202

25. okt.

AUGLÝSING

um eftirlitsgjald af fóðurlöndum.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 63 31. maí 1947, um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fóðurvörum, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

Hver sá, er framleiðir til sölu eða flytur inn fóðurlöndur, skal ársfjórðungslega greiða eftirlitsgjald, er nemur kr. 5.00 af hverri smálest. Gjald þetta skal greiða til búnaðardeildar atvinnudeildar háskólans.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 25. október 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.